

Verkefnaráð

Fundargerðir: *Verkefnaráð*

Verkefni í vanda: Nýr vefur, Borgarskjalasafns	2
Gagnateymið og staðan.....	3
Stafrænar byggingaleyfisumsóknir, BYGG fjör	4
Kerfi fyrir tilkynningar	5
Borgarskjalasafn, scope verkefnið	6

Verkefnaráðsfundur 28.09.2022

Verkefni Verkefnaráð	Yfirskrift fundar Verkefnaráðsfundur 28.09.2022
Dagsetning 28.09.2022	Staðsetning Borgartún
Mættir: Arna Ýr Sævarsdóttir, Ásta Þóll Gylfadóttir, Edda Jónsdóttir, Friðþjófur Bergman, Óskar Sandholt, Þröstur Sigurðsson, Ásgrímur Sigurðsson, Inga Rós Gunnarsdóttir, Eyrún Ellý Valsdóttir, Kjartan Kjartansson.	
Fjarverandi: Enginn	
Fundarritari: Edda Jónsdóttir	

Dagskrá fundar

1. Vefur Borgarskjalasafns, Scopes verkefni
2. Gagnateymið og staðan
3. Rafrænar byggingaleyfisumsóknir
4. Kerfi fyrir tilkynningar

Fundargerð

Verkefni í vanda: Nýr vefur, Borgarskjalasafns

Verkefnið hófst árið með formlegum hætti 30. október 2019. Nýr verkefnastjóri tók við verkefninu á vormánuðum árið 2022 og þá var því skipt upp í þrjá verkþætti; gagnakerfi með birtingarmöguleika, Elastic leit og nýr vefur. Ljóst er að verkefnið hafði stækkað frá upprunalegri verkefnaáætlun frá árinu 2019 voru verkþættirnir gagnakerfi með birtingarmöguleika og Elastic leit ekki inn í þeirri verkefnaáætlun.

Í ársbyrjun 2019, hljómaði kostnaðaráætlun verkefnisins upp á 6.000.000.-.

Núna haustið 2022 hafa 14.500.000.- verið bókaðar á verkefnið og verkefnið komið 7.500.000.- yfir upphaflegu fjárhagsáætlun.

Á fundi verkefnaráðs þann 28.09.2022 var fjallað um verkefnið og framgang þess. Settir voru upp þrjú valkostir út frá fyrirbyggjandi gögnum verkefnisins.

1. Minnka umfang verkefnisins þar sem áhersla væri á að klára nýjan vefinn sem búinn er að vera í smíði í þrjú ár.
2. Smíða nýjan React/Wordpress vef fyrir safnið.
3. Lágmarka umfang verkefnisins og færa vef Borgarskjalasafnsins undir reykjavik.is

Eftir ítarlega umfjöllun Verkefnaráðs var niðurstaða þess að velja þriðja valkostinn, lágmarka umfang verkefnisins og færa vef Borgarskjalasafnsins undir reykjavik.is. Þar yrði áhersla lögð á að lykilupplýsingar um Borgarskjalasafn yrðu aðgengilegar öllum íbúum þ.e.a.s. grunnupplýsingar um safnið, helstu fréttir frá safninu ásamt útskýringu á verkstöðu gagnakerfis.

Ástæða ákvörðunar verkefnaráðs liggur í eftirfarandi þáttum:

Það að færa vef Borgarbókasafns á reykjavik.is samræmist vefþróun borgarinnar um að færa alla sjálfstæða vefi borgarinnar á einn vef, reykjavik.is. Það er gert með því markmiði að auðvelda aðgengi íbúa, uppfylla staðla um öryggi, auðvelda þýðingar og koma eftirlits tólum á vefinn.

Kostnaðarstaða verkefnisins er nú í september 2022 komin í 240% af upprunalegri áætlun, frá árinu 2019 og því ljóst að horfa þar til hagkvæmis sjónarmiða.

Umfang verkefnis hefur stækkað mikið frá upprunalegri verkefnaáætlun frá árinu 2019. Með þeirri ákvörðun að lágmarka umfang verkefnisins og færa vef Borgarskjalasafnsins undir reykjavik.is er tryggt að ekki sé verið að vinna sama verkefnið tvisvar og að byrjað sé á réttum enda áður en vefur er smíðaður utan um birtingu skjala.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1.	Verkefnaráð samþykkir að velja uppsettan þriðja valkost innan verkefnisins, að lágmarka umfang verkefnisins og færa vef Borgarskjalasafnsins undir reykjavik.is

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1.	Verkefnaskrárstjóri fylgir eftir greinargerð og niðurstöðu verkefnaráðs. Skrifstofustjóri sendir tölvupóst til Borgarskjalavarðar með niðurstöðu verkefnaráðs	EJ	x

Aftur í efnisyfirlit

Fundargerð

Gagnateymið - staðan

Skrifstofustjóri gagnabjónustu kom inn á fund og fór yfir stöðuna á ólíkum verkefnum hjá Gagnabjónustunni. Nánari upplýsingar í fylgigögnum fundargerðar.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1.	Skrifstofustjóri setur verkefnið í ólíkan farveg.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1.	Verkefnaskrárstjóri og skrifstofustjóri setja verkefnið í viðeigandi farveg.		

Aftur í efnisyfirlit

Stafrænar byggingaleyfisumsóknir, BYGG fjör - staðan

Verkefnið er hafið og er á og er unnið svk. áætlun. Teynið hefur hafið störf og hefur aðsetur hjá byggingafulltrúa á USK. Verkefnið er fjölpætt en megin hluti þess liggur í umbótum á verklagi og ferlum ásamt menningarlegum breytingum

Verkefnið er unnið svk. aðferðum verkefnastjórnunar og öll gögn til fyrirmyndar af hálfu verkefnastjóra. Nánari upplýsingar liggja í fylgigögnum fundargerðar.

Skor verkefnisins í Fylkinu:

Stafrænar byggingaleyfisumsóknir, BYGG fjör 5 5 5 5 5 2 4,80

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
2.	Verkefnið heldur áfram í virkri vinnslu

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
2.	Verkefnastjóri fylgir eftir góðu verki		

Aftur í efnisyfirlit

Kerfi fyrir tilkynningar

Farið yfir tillögu að verkefni og nálgun þess. Rætt um mögulegan ávinning og útfærslu.

Ef ákveðið væri að fara í verkefnið þá bendir deildarstjóri á að eftirfarandi þættir væru augljós ávinningar:

- Símtöl myndu minnka inn
- Minna gagnaflæði í póstflæði
- Skilvirkari nýting á tíma starfsmanna

Nánari upplýsingar í fylgigögnum fundargerðar.

Tillaga að verkefninu er sett í skoðun, skora þarf verkefnið og setja það aftur fyrir verkefnaráð. Verkefni sett í skoðun.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
3.	Setja þarf verkefnið upp og koma í ferli inn til Verkefnaráðs. Verkefnið þarfnast verkefnastjóra sem sér um stýringu.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
3.	Vörustjóri vinnur með deildarstjóra stoð- og tækniþjónustu og setur verkefnið í ferli.	EJ	

Aftur í efnisyfirlit

Borgarskjalasafn, scope verkefnið

Farið var yfir stöðuna á verkefninu, Scopes umsýslukerfi fyrir Borgarbókasafn sem heldur utan um allan safnkost, staðsetningar, útlán og móttöku skjala frá afhendingaraðilum. Verkefni sem hófst í apríl 2019.

Verkefninu Scope var formlega lokað þann 09.03.2021. Lokaskýrsla verkefnisins var þá skjöluð og í henni kom fram að heildarkostnaður við verkefnið var 10.2000.000.-. Í skýrslunni var framkvæmd greiningarvinnu og innkaupa reifuð ásamt því að lýst var því hvernig innleiðing, kennsla og þjálfun starfsfólks var unnin.

Á fundi Verkefnaráðs þann 01.11.2021 var tekið fyrir beiðni frá Borgarskjalaverði þar sem óskað var eftir auka fjárveitingu vegna innleiðingar á Scope umsýslukerfinu. Beiðin var lögð fram á grundvelli þess að starfsfólk Borgarskjalasafns þyrfti frekari stuðning við að setja inn efni í Scope umsýslukerfið.

Verkefnaráð samþykkti á fundinum þann 01.11.2021 eftirfarandi viðbótarkostnað vegna eftirfarandi þátta:

- Ráðgjafakostnaður til söluaðila Scope 1.000.000.-
- Kostnað við þýðingar 100.000.-
- Launakostnaðs vegna ráðningar innleiðingar sérfræðings til tíu mánaða, 9.5000.000.-

Viðbótarkostnaður við innleiðingu Scope umsýslukerfisins samþykktur, þann 01.11.2021, af verkefnaráði að upphæð 10.6000.000.-. Ákveðið var að framkvæmd og ábyrgð á þessum verkhluta væri í höndum Borgarskjalavarðar.

Þann 26.09.2022 barst verkefnaráði aftur beiðni frá Borgarskjalaverði um aukið fjármagn, að upphæð 10.000.000.-, inn í verkefnið. Beiðnin var lögð fram á grundvelli þess að innleiðing og uppsetning á Scope umsýslukerfinu væri að mati Borgarskjalavarðar um það bil hálfnuð og verkefnið væri meira að umfangi en gengið var út frá í byrjun. Í beiðninni kom fram að áætluð verklok á þessum þriðja verkhluta væri síðari hluti ársins 2023.

Verkefnaráð tók beiðni Borgarskjalavarðar, dags 26.09.2022, til umfjöllunar. Niðurstaða ráðsins er að verkefnaráð sér ekki fært að samþykkja aukinn kostnað við verkefnið og synjar því beiðni Borgarskjalavarðar frá 26.09.2022.

Ástæða ákvörðunar verkefnaráðs liggur í eftirfarandi þáttum:

Kostnaðarstaða verkefnisins er nú í september 2022 komin í rúmlega 200% af upprunalegri áætlun frá árinu 2019, ef beiðnin væri samþykkt myndi það þýða um 300% kostnaðaraukningu frá upphaflegu kostnaðaráætlun verkefnisins.

Á grundvelli sögu verkefnisins telur verkefnaráð að ekki sé fyrirséð að aukin fjárfesting nú myndi ná verkefninu í höfn en í september 2022 hefur lítill hluti gagna safnsins verið sett inn í kerfið. Stafrænar umbreytingar eru flókið fyrirbæri og snúa oftast en ekki fremur að fólki og menningu en tæknilausnum. Líkt og kom fram í beiðni Borgarskjalavarðar þá hafa fastir starfsmenn ekki menntun og sérþekkingu sem þarf í verkefnið. Því hvetur verkefnaráð Borgarskjalasafn til að innleiða nýja starfshætti og menningarlegar breytingar til að efla allt starfsfólk í stafrænni færni til að nýta sér þær tæknilausnir sem innleiddar hafi verið.

Ákvarðanir

Nr.	Ákvörðun
1.	Verkefnaráð tók beiðni Borgarskjalavarðar, dags 26.09.2022, til umfjöllunar. Niðurstaða ráðsins er að verkefnaráð sér ekki fært að samþykkja aukinn kostnað við verkefnið og synjar því beiðni Borgarskjalavarðar frá 26.09.2022.

Aðgerðalisti

Nr.	Lýsing	Ábyrðaraðili	Lokið
1.	Verkefnaskrárstjóri fylgir eftir greinargerð og niðurstöðu verkefnaráðs. Skrifstofustjóri sendir tölvupóst til Borgarskjalavarðar með niðurstöðu verkefnaráðs	EJ/PS	x

Aftur í efnisyfirlit